LINDA BEN

Köld kóríander og lime sósa



Eldunartími

10 mín

Erfiðleikastig

Auðvelt

Fjöldi

0

Lýsing

Köld kóríander og lime sósa.
Dásamlega góð köld kóríander og lime sósa sem smellpassar með grillmatnum. Sósan er fersk og afar bragðgóð.

Köld kóríander og lime sósa

- 250 g grískt jógúrt frá Örnu Mjólkurvörum
- 1 tsk hvítlaukskrydd
- 1 tsk laukkrydd
- 1 tsk salt
- 1 tsk pipar
- 1 tsk þurrkað dill
- Börkurinn af 1 lime
- Safi úr 1 lime
- 1 lúka ferskt kóríander, smátt saxað
- 1 msk ólífu olía

Aðferð:

1. Blandið öllu vel saman og kælið. Gott er að láta standa í 2-3 klst inn í ísskáp til að leyfa brögðunum aðeins að marinerast og jafna sig í sósunni áður en hún er borin fram en alls ekki nauðsynlegt.

Ef þú prófar þessa uppskrift þá þætti mér svo vænt um að heyra frá þér! Skildu eftir skilaboð hér fyrir neðan, eða taktu mynd og merktu mig á Instagram @Lindaben
Fylgistu með á Instagram!
Njótið vel!
Ykkar

Hráefni

—

Leiðbeiningar

1.